

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1989

---

---

26. maí 1989

489

Nr. 263

## GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.**

Fyrir hverja lækniaskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúkratryggður kr. 630,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 215,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 stykki) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 100,00. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnstöðum fer samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þau skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar mælingar.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast þegar gildi frá og með 1. júní 1989 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 84/1988.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

26. maí 1989

Nr. 264

## REGLUGERÐ

**um breytingar á reglugerð um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67, 20. apríl 1971 með síðari breytingum.**

1. gr.

*Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.*

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma samkv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 190 fyrir hvert viðtal á lækni-stofu og kr. 350 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

B 36

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg